

23

23. marz

AUGLÝSING

um loftferðasamning milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 12. maí 1960 var undirritaður í Stokkhólmi loftferðasamningur milli Íslands og Svíþjóðar. Samningurinn gekk í gildi við undirritun.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 23. marz 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

LOFTFERÐASAMNINGUR
milli
Íslands og Svíþjóðar.

Lýðveldið Ísland og konungsríkið Svíþjóð, sem eru aðilar að alþjóðasamningi frá 7. desember 1944 um alþjóðaflugmál og alþjóðasamþykkt um viðkomuréttindi flugfara, frá sama degi, hafa orðið ásátt um að gera samning um flugsamgöngur milli landa Íslands og Svíþjóðar og handan við þau. Í því skyni hafa verið skipaðir sérstakir fulltrúar með umboði, sem hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Samningsaðilar veita hvor öðrum þau réttindi að annast þær flugferðir, sem um er rætt í viðbæti þessa samnings og er óaðskiljanlegur hluti hans. Flugferðir má hefja þegar í stað eða síðar, samkvæmt ákvörðun þess samningsaðila, sem réttindin eru veitt.

2. gr.

a) Nú hefur annar samningsaðilinn veitt hinum réttindi til að annast flugferðir, og má þá síðarnefndi aðilinn hefja reksturinn jafnskjótt og hann hefur tilnefnt flugfélag, eða flugfélög, sem taki að sér reksturinn, og sá samningsaðilinn,

LUFTFARTSAVTAL
mellan
Island og Sverige.

Republiken Island och Konungariket Sverige, vilka anslutit sig till konventionen den 7 december 1944 angående internationell civil luftfart och transitöverenskommelsen samma dag angående internationella luftfartslinjer, hava överenskommit att sluta ett avtal om luftfartsförbindelserna mellan och bortom Islands och Sveriges territorier. För detta ändamål ha utsetts särskilda befullmäktigade ombud, vilka enats om följande bestämmelser:

Artikel 1.

De avtalsslutande parterna bevilja varandra de rättigheter att bedriva lufttrafik, vilka angivas i den till detta avtal såsom integrerande del av detsamma fogade bilagan. Trafiken kan öppnas omedelbart eller vid senare tidpunkt, efter bestämmande av den avtalsslutande part, vilken erhållit rättigheterna.

Artikel 2.

a) Den trafik som den ena avtalsslutande parten beviljat den andra avtalsslutande parten rätt att bedriva, kan påbörjas så snart den sistnämnda avtalsslutande parten utsett ett eller flera lufttrafikföretag att bedriva ifråga-

sem réttindin hefur veitt, hefur gefið út nauðsynleg leyfi vegna rekstursins til handa hinu tilnefnda flugfélagi eða félögum. Að tilskildum ákvæðum 7. gr. er aðila skylt að veita slíkt leyfi þegar í stað.

b) Sá samningsaðili, sem veitir framangreind réttindi, getur krafizt þess af hinu tilnefnda flugfélagi eða félögum, að áður en réttindi eru veitt til að hefja flugferðir, sé sannað, að það eða þau uppfylli öll skilyrði í lögum þeim og ákvæðum, sem í gildi eru á yfirráðasvæði hans.

3. gr.

Flugmálayfirvöld samningsaðilanna skulu að jafnaði bera saman ráð sín og hafa með sér samvinnu, þegar um er að ræða að hafa í heiðri þær grundvallarreglur og annast framkvæmd þeirra ákvæða, sem fram eru tekin í þessum samningi.

4. gr.

a) Samningsaðilar eru ásáttir um, að gjöld fyrir afnot flughafna þeirra og annarra hjálpartækja, sem hvor samningsaðili kann að leggja á flugfélög hins, skuli ekki vera hærri en gjöld innlendra loftfara, sem fást við sams konar flutning milli landa, fyrir afnot slíkra flughafna og hjálpartækja.

b) Eldsneyti, smurningsoliur og varahlutir, sem flutt er til landssvæðis annars samningsaðila af flugfélagi, tilnefndu af hinum aðilanum, eða fyrir reikning slíks flugfélags eða flutt um borð þar, og ætlað er eingöngu loftförum þess félags, skal njóta sömu kjara um tollálögur, skoðunargjöld eða önnur innanlandsgjöld og gilda um innlend flugfélög eða flugfélög þeirra ríkja, sem beztu kjara njóta.

c) Eldsneyti, smurningsoliur og varahlutir venjulegur útbúnaður og vistir,

varande trafik och den avtalsslutande part som beviljat rättigheterna lämnat det eller de sålunda utsedda lufttrafikföretagen härför erforderligt tillstånd. Med förbehåll som angives i artikel 7 åligger det parten att lämna dylikt tillstånd utan dröjsmål.

b) Den avtalsslutande part, som beviljat nämnda rättigheter, må av det eller de sålunda utsedda lufttrafikföretagen, innan tillstånd meddelas att påbörja trafiken. kräva, att ifrågavarande företag styrker sig uppfylla alla villkor, som äro föreskrivna i de lagar och bestämmelser, som gälla på dess territorium.

Artikel 3.

De avtalsslutande parternas luftfartsmyndigheter skola ofta överlägga med varandra och samarbeta när det gäller iakttagandet av de grundsatser och tillämpandet av de bestämmelser, vilka finnas i detta avtal.

Artikel 4.

a) Vardera avtalsslutande parten medger att de avgifter för utnyttjande av dess flygplatser och andra anläggningar, som den må pålägga den andra avtalsslutande partens lufttrafikföretag, icke må vara högre än de som landets inhemska luftfartyg i liknande internationell trafik erlægga för begagnandet av sådana flygplatser och anläggningar.

b) Drivmedel, smörjoljor och reservdelar, som införas till den ena avtalsslutande partens territorium av ett av den andra avtalsslutande parten utsett lufttrafikföretag eller för ett sådant lufttrafikföretags räkning eller som där tages ombord och som äro avsedda att utslutande användas af detta företags luftfartyg, skola, i vad avser tullavgifter, undersökningskostnader eller andra inhemska avgifter och pålagor åtnjuta en behandling, som är lika gynnsam som den som medges inhemskt eller mest gynnad nations lufttrafikföretag.

c) Drivmedel, smörjoljor, reservdelar, sedvanlig utrustning och förråd, som

23. marz sem eru um borð í loftförum, öðrum en hernaðarloftförum, og eru eign þeirra flugfélaga annars samningsaðilans, sem hefur leyfi til að starfrækja flugferðir samkvæmt ákvæðum samnings þessa, skal undanþegin tollaálögum, skoðunargjöldum og öðrum slíkum gjöldum við komu til eða burtför frá landssvæði hins samningsaðilans, jafnvel þótt loftförin eyði slíkum forða á flugi innan þess landssvæðis.

5. gr.

Lofthæfnisskírteini, hæfnisskírteini áhafna og leyfisbréf, sem gefin eru út, eða staðfest af öðrum samningsaðilanum, skulu viðurkennd af hinum aðilanum, að því er við kemur starfrækslu þeirra flugferða, sem í samningnum greinir. Hvor aðili um sig áskilur sér þó rétt til að synja um viðurkenningu, að því er snertir flug yfir landsvæði hans, á hæfnisskírteinum og leyfisbréfum, sem út eru gefin af öðru ríki handa hans eigin ríkisborgurum.

6. gr.

Lög og ákvæði annars samningsaðilans um komu loftfara í millilandaflugi til eða burtför frá landssvæði hans, svo og um starfrækslu og stjórn slíkra loftfara, meðan þau eru innan landssvæðis hans, skulu gilda um loftför flugfélags eða félaga hins aðilans.

Farþegar, áhöfn og sendandi varnings, sem fluttur er loftleiðis, skulu fylgja þeim lögum og ákvæðum, sem gilda á landsvæði hvors samningsaðila, um komu, dvöl og brottför farþega, áhafnar eða farms, svo og ákvæðum um komu, brottför, innflytjendur, vegabréf, toll og sóttkví.

7. gr.

Hvor samningsaðili um sig áskilur sér rétt til að synja flugfélagi, sem hinn að-

finnes ombord på civilt luftfartyg, tillhörande ett av den ena avtalsslutande partens lufttrafikföretag, som har tillstånd att bedriva trafik enligt denna överenskommelse, äro vid ankomst till eller avgång från den andra avtalsslutande partens territorium fritagna från tullavgifter, undersökningsavgifter eller liknande avgifter även om dessa förnödenheter användas eller förbrukas av luftfartyget under flygning över nämnda territorium.

Artikel 5.

Luftvärdighetsbevis, luftfartscertifikat och tillståndsbevis, som utfärdats eller tillerkänts giltighet av en utav de avtalsslutande parterna, skola tillerkännas giltighet av den andra avtalsslutande parten vad avser den trafik, som bedrivs enligt detta avtal. Vardera av de avtalsslutande parterna förbehåller sig emellertid rätt att beträffande luftfart över sitt territorium vägra godkänna giltigheten av luftfartscertifikat och tillståndsbevis utfärdande för dess egna medborgare av annan stat.

Artikel 6.

a) Avtalsslutande parts lagar och bestämmelser angående ankomst till och avgång från dess territorium av luftfartyg i internationell trafik ävensom rörande driften och navigeringen av sådana luftfartyg, medan de befinna sig inom dess territorium, skola äga tillämpning på luftfartyg tillhöriga den andra avtalsslutande partens lufttrafikföretag.

b) Passengerare, besättning och avsändare av varor, vilka befordras med luftfartyg, skola efterkomma de på vardera av de avtalsslutande parternas territorier gällande lagarna och bestämmelserna rörande ankomst, uppehåll och avgång i vad avser passengerare, besättning eller last ävensom bestämmelser rörande in- och utresa, immigration, pass, tull och karantän.

Artikel 7.

Vardera avtalsslutande parten förbehåller sig rätt att vägra ett av den andra

ilinn hefur tilnefnt, um réttindi, eða afturkalla slík réttindi, þegar ekki er talið nægilega upplýst, að það séu ríkisborgarar hins aðilans, sem að verulegu leyti eigi og stjórnir flugfélaginu, eða þegar flugfélag þetta lætur undir höfuð leggjast að fylgja lögum og ákvæðum þess lands, sem félagið rekur loftferðir um, sbr. 6. gr. hér að ofan, eða fullnægir ekki skuldbindingum þeim, sem samningur þessi leggur því á herðar.

8. gr.

Hvor samningsaðili um sig getur hvernær sem er farið þess á leit við hinn samningsaðilann, að hafnar verði viðræður um breytingar á þessum samningi. Slíkar viðræður skulu hefjast, áður en 60 dagar eru liðnir, frá því að beiðnin kom fram. Breytingar taka gildi, er þær hafa verið staðfestar með diplomatiskum erindum.

9. gr.

Sérhverjum ágreiningi milli samningsaðila varðandi skýringu, eða framkvæmd á samningi þessum, sem ekki hefur tekizt að jafna með viðræðum, skal vísað til gerðardóms, skipuðum þrem gerðardómsmönnum. Tilnefna samningsaðilar einn mann hvor í dóminn, og skulu þeir koma sér saman um oddamann, sem jafnframt skal vera formaður. Oddamaðurinn má ekki vera ríkisborgari í landi samningsaðila. Samningsaðilar skulu hafa tilnefnt gerðardómsmenn sína, í síðasta lagi innan tveggja mánaða frá þeim degi, er annarhvor aðilinn hefur afhent hinum erindi eftir diplomatiskum leiðum, þar sem krafizt er gerðardóms. Skulu þeir hafa náð samkomulagi um oddamann, í síðasta lagi innan mánaðar, eftir að þeir voru tilnefndir. Nú hefur annarhvor samningsaðila ekki tilnefnt sinn gerðardómsmann innan tveggja mánaða, eða ekki er unnt að ná samkomulagi um oddamann innan

avtalsslutande parten utsett lufttrafik-
företag trafikstillstånd eller att återkalla
sådant tillstånd, därest den icke finner det
tillfredsställande styrkt, att en väsentlig
del av äganderätten till och den verkliga
kontrollen över ifrågavarande luft-
trafikföretag innehavas av sistnämnda
avtalsslutande parts medborgare eller
därest lufttrafikföretaget ifråga under-
låter att såsom angivits i artikel 6 här
ovan ställa sig till efterrättelse lagarna
och bestämmelserna i det land, över vars
territorium det bedriver luftfart eller un-
derlåter att fullgöra de skyldigheter som
ålagts detsamma enligt detta avtal.

23
23. marz

Artikel 8.

Vardera avtalsslutande parten må vid vilken tidpunkt som helst begära överläggningar med den andra avtalsslutande parten i syfte att vidtaga ändringar i detta avtal. Sådana överläggningar skola påbörjas inom 60 dagar, räknat från dagen för denna begäran. Ändringar träda i kraft, sedan de bekräftats genom diplomatisk skriftväxling.

Artikel 9.

Varje tvist mellan de avtalsslutande parterna rörande tolkningen eller tillämpningen av detta avtal, som icke kan biläggas genom förhandlingar, skall hänskjutas till en skiljedomstol, bestående av tre skiljemän, av vilka vardera avtalsslutande parten utser en och de sålunda valda enas om den tredje, som tillika skall vara ordförande. Den tredje skiljemannen får icke vara medborgare i någon av de avtalsslutande parternas länder. De avtalsslutande parterna skola utse sina skiljemän senast inom två månader räknat från den dag, då endera parten på diplomatisk väg överlämnat en skrivelse till den andra parten, i vilken skiljedom begäres. Överenskommelse skall av dem träffas om den tredje skiljemannen senast inom en månad efter deras tillsättande. Därest endera av de avtalsslutande parterna icke har utsett sin egen skiljeman inom två månader, eller enighet

23. marz hins tiltekna tíma, og getur þá hvor samningsaðili sem er krafizt þess, að forseti Alþjóðadómstólsins tilnefni gerðardómsmann eða gerðardómsmenn. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hlýða hverjum þeim úrskurði, sem gerðardómurinn kveður upp. Kostnaði við gerðardóminn skal skipt til helminga milli aðilanna.

10. gr.

Nú tekur alþjóðasamningur um loftferðir gildi hjá báðum samningsaðilum, og skulu þeir þá sín á milli samræma ákvæði þessa samnings ákvæðum slíks alþjóðasamnings.

11. gr.

Hvor aðili um sig getur tilkynnt hinum, að hann vilji segja upp samningi þessum. Sé slík tilkynning send, skal samningurinn falla úr gildi 12 mánuðum eftir að hinn aðilinn tók við henni, nema samkomulag hafi orðið um að afturkalla tilkynninguna, áður en fresturinn er liðinn.

12. gr.

Samning þennan skal skrásetja hjá alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO).

13. gr.

Samningur þessi gengur í gildi þann dag, sem hann er undirritaður.

Þessu til staðfestu hafa þeir fulltrúar, sem til þess hafa gild umboð, undirritað þennan samning.

Gert í Stokkhólmi 12. maí 1960 í tveim eintökum, á íslenzku og sænsku, og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir lýðveldið Ísland:

Magnús V. Magnússon

Fyrir konungsríkið Svíþjóð:

Östen Unden

icke kan nås om den tredje skiljemannen inom nämnda tidsfrist, kan vardera avtalsslutande parten begära att Presidenten i Internationella Domstolen utser skiljeman eller skiljemän. De avtalsslutande parterna förbinda sig att efterkomma varje beslut, som fattas av skiljedomstolen. Hälften av kostnaderna för skiljedomstolen skall bäras av vardera parten.

Artikel 10.

Därest en allmän multilateral luftfartskonvention för de två avtalsslutande parterna vidkommande träder i kraft, skola de rådgöra med varandra i syfte att bringa bestämmelserna i förevarande avtal i överensstämmelse med bestämmelserna i sagda konvention.

Artikel 11.

Vardera avtalsslutande parten kan till den andra avtalsslutande parten framföra sin önskan att detta avtal måtte upphöra. I sådant fall upphör avtalet att gälla 12 månader efter den dag då den andra avtalsslutande parten mottagit meddelande härom såvida icke före utgången av nämnda frist uppsägningen genom ömsesidig överenskommelse återkallats.

Artikel 12.

Detta avtal skall registreras hos den Internationella Civila Luftfartsorganisationen (ICAO).

Artikel 13.

Detta avtal träder i kraft å dagen för dess undertecknande.

Till bekräftelse härav hava de befullmäktigade ombuden undertecknat detta avtal.

Som skedde i Stockholm den 12 maj 1960 i två exemplar, på isländska och svenska språken, vilka båda texter skola äga lika vitsord.

För Konungariket Sverige:

Östen Unden

För Republiken Island:

Magnús V. Magnússon

VIÐBÆTIR**I.**

Ríkisstjórn Svíþjóðar heimilar ríkisstjórn Íslands að láta flugfélög, eitt eða fleiri, sem ríkisstjórn Íslands tilnefnir, starfrækja flugferðir milli Íslands og Svíþjóðar og áfram, með viðkomu á stöðum þar í milli, í báðar áttir.

II.

Ríkisstjórn Íslands heimilar ríkisstjórn Svíþjóðar að láta flugfélög eitt eða fleiri, sem ríkisstjórn Svíþjóðar tilnefnir, starfrækja flugferðir milli Svíþjóðar og Íslands og áfram, með viðkomu á stöðum þar í milli, í báðar áttir.

III.

Flugfélag, sem tilnefnt hefur verið af af öðrum aðilanum, skal á landssvæði hins aðilans eiga rétt á að taka við og skila farþegum, vörum og pósti í millilandaflutningi við komu til eða burtför frá landssvæði þess síðarnefnda, á þeim flugleiðum, sem félaginu eru heimilar samkvæmt I. eða II.

BILAGA**I.**

Svenska regeringen beviljar isländska regeringen rätt att med ett eller flera av densenare utsedda lufttrafikföretag bedriva trafik från Island till Sverige och platser därbortom, via mellanliggande platser, i båda riktningarna.

II.

Isländska regeringen beviljar svenska regeringen rätt att med ett eller flera av den senare utsedda lufttrafikföretag bedriva trafik från Sverige till Island och platser därbortom, via mellanliggande platser, i båda riktningarna.

III.

Av den ena avtalsslutande parten utsett lufttrafikföretag äger inom den andra partens territorium rätt att i internationell trafik taga ombord och avlämna passagerare, gods och post till och från sistnämnda parts territorium på de linjer, som företaget må beflyga enligt I eller II.

23

23. marz